

Þjálfun vegna raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins býður upp á námskeið um raunfærnimat 10. og 11. október. Námskeiðið er ætlað fagaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnastjórum sem koma að raunfærnimati. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né upphald þátttakenda. Námskeiðið verður haldið hjá FA, Skipholti 50b. Skráning er hjá Steinunni í steinunn@frae.is

Heimsóknir til fræðsluaðila

Betty og Haukur eru á ferð og flugi í lok ágúst og ætla að eiga samtál um raunfærnimat við starfsfólk símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla á Norðurlandi. Markmiðið er að heimsækja sex samstarfsaðila á þessum vetri.

Upplýsingafundur í Skype

Á haustönn verður boðið upp á þrjú Skype fundi fyrir þá sem koma að raunfærnimati hjá fræðslustofnunum. Fundirnir hefjast með innleggi frá FA og í framhaldi eru umræður um viðkomandi málefni. Markmið þessara funda er að miðla upplýsingum og fá fram ábendingar frá ykkur.

Skype fundir á haustönn	
12. september kl. 09:00-10:00	Umsóknir í Fræðslusjóð og úthlutunarreglur
25. október kl. 09:00-10:00	Stýrihópar og skýrsluskil
15. nóvember kl. 09:00-10:00	Almenn starfshæfni – árangur verkefna

Fleiri fundir verða eftir áramót. Ef þið hafið ábendingar um málefni til umfjöllunar, vinsamlegast sendið póst á betty@frae.is. Tvö málefni hafa þegar verið nefnd: skráningar í INNU og gæðaúttektir.

Uppfærðir skimunar- og gátlistar í þjónustugreinum

Gátlisti fyrir þjónustugreinar hefur verið uppfærður. Einnig eru undirspurningar tilbúnar fyrir matsaðila sem nýta má í matsviðtalinu. Nálgast má efnið með því að senda töluþóst á betty@frae.is

Uppfærðir gát- og skimunarlistar – þjónustugreinar	
Leikskólalíðabraut	Félagsmála- og tómsundabraut
Stuðningsfulltrúabraut	Félagslíðabraut

3rd Biennale Validation of Prior learning (VPL)

VPL Biennale verður haldin í Berlin 7. – 8. maí 2019. Ráðstefnan ber yfirskriftina „**Making policy work – Validation of Prior Learning for education and the labour market**“. Opnað verður fyrir skráningar í september. Frekari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á <http://vplbiennale.org/> Eins og fyrir síðustu ráðstefnu mun FA bjóða þátttakendum hédan á undirbúningsfundi og samráðsfund eftir ráðstefnu meðal annars til þess að meta hvað var áhugaverðast.